

Sorpstöð Rangárvallasýslu
Suðurlandsvegur
850 Hella

Reykjavík, 21. janúar 2021
UST202003-398/S.M.
08.14.02

Fyrirvaralaust eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu

Þann 18. nóvember sl. fór fram fyrirvaralaust eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú frávík komu fram við eftirlit og sendi rekstraraðili inn úrbótaáætlun þann 8. janúar sl. vegna eftirfarandi frávika.

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Á urðunarstaðnum má einungis urða óvirkan úrgang, og tímabundið lífrænan úrgang án botnþéttinga, sbr. gr. 3.7. Við eftirlit var staðfest að þar hafa verið urðuð á árinu 1230 tonn af grófum úrgangi sem ekki er heimild fyrir í starfsleyfi. **Samkvæmt úrbótaáætlun hyggst rekstraraðili breyta verklagi á grenndarstöðvum þar sem innmötun í gáma verður takmörkuð verulega og ætti það að koma í veg fyrir að grófur úrgangur rati í þá.**
2. 8. mgr. gr. 1.2 í starfsleyfi. Verði um tímabundna geymslu úr sér genginna ökutækja, eða annars olúsmitaðs úrgangs, að ræða skal hann geymdur á malbikuðu/steypu yfirborði tengdu olúskilju. Við eftirlit var mikið um úr sér gengin ökutæki á urðunarstaðnum og fæst þeirra á þar til gerðu steypu plani þó þar væri pláss fyrir slíkt. **Samkvæmt úrbótaáætlun frá rekstraraðila kemur mikið inn af ökutækjum á urðunarstaðinn og eru þau notuð sem farg á járngáma í flutningi. Reynt sé að láta ökutækin standa á þar til gerðu steypu plani en flytja þurfi ökutækin til að þeim stað þar sem járn er safnað til að fergja gámana. Rekstraraðili hyggst koma betra verklagi á innan svæðis hvað þetta varðar.**
3. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Tímabundin heimild er í gildi vegna urðunar lífræns úrgangs án botnþéttinga. Heimilt er að urða 1000 tonn af lífrænum úrgangi, þar af 800 tonn árið 2020 og 200 tonn árið 2021. Á tímabilinu janúar-október 2020 hafa verið urðuð 1292 tonn af lífrænum úrgangi á urðunarstaðnum sem er töluvert umfram heimild. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er ástæða framúrkeyrslu sú að tekið er við öllum úrgangi í þessum flokki frá fyrirtækjum og sveitarfélögum á Suðurlandi, mikið magn hafi komið inn í sláurtíð og við lokun Orkugerðarinnar síðastliðið sumar. Það sé ljóst að rekstraraðili þurfi að óska eftir rýmkaðri heimild þar til brennsla í þeirri mynd sem nú sé á**

teikniborðinu verður risin. Jafnframt kemur fram að rekstraraðili hvetji þá aðila sem koma með þennan úrgang að gera mikilvægar breytingar til að minnka magn lífræns úrgangs til urðunar.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að rekstraraðili leggi fram tímasetningar á þeim úrbótum sem fram komu í úrbótaáætlun rekstraraðila frá 8. janúar sl. Einnig óskar stofnunin eftir upplýsingum um hvaða ráðstöfunarleiðir rekstraraðili hyggist hafa fyrir grófan úrgang sem mun berast inn þrátt fyrir að komi til breytinga á innmötun í gáma á grenndarstöðvum.

Uppfærð úrbótaáætlun skal berast stofnuninni eigi síðar en 11. febrúar 2021.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir

Steinunn Karlsdóttir